

Fimmtudaginn 11. október 1990.

Nr. 172/1989. **Edvin Karl Benediktsson**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

tollstjóranum í Reykjavík

(Kjartan Ragnars hrl.).

Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. apríl það ár. Hann krefst þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði ómerkt. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir réttinum.

Stefndi sendi borgarfógeta beiðni um lögtak í eignum áfrýjanda 2. september 1988 vegna söluskattsskulda frá árunum 1983 og 1984 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Lögtak var gert 23. nóvember 1988. Því var áfrýjað, svo sem fyrr er lýst. Hinn 10. október 1989 ritaði fulltrúi tollstjóra bréf til áfrýjanda. Þar segir m.a.:

„Það tilkynnist yður hér með að lögtaki sem fram fór 23.11.1988 vegna söluskattsskulda yðar og þinglýst var á bifreiðina R-18523 hefur verið aflýst. Innheimtutilraunir á grundvelli lögtaksins hafa verið felldar niður.“

Af skjölum málsins og flutningi hér fyrir dómi sést, að á vegum stefnda voru gerðar ráðstafanir til, að aðfararveðinu yrði aflýst, og að það hefur verið gert.

Af bréfi því frá 10. október 1989, sem lýst var, verður ráðið, að áfrýjandi á rétt á, að hin umdeilda lögtaksgerð verði felld úr gildi. Aflýsing aðfararveðsins felur ekki í sér, að svo hafi verið gert, og ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina.

Stefndi hófst ekki handa um aflýsingu, fyrr en mál þetta hafði verið þingfest fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi mátti þá enn koma við lausnargerð eftir síðara hluta 1. mgr. 51. gr. laga nr. 19/1887 um

aðför, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Engu að síður ber að dæma honum, eins og á stendur, málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Framangreint lögtak er fellt úr gildi.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Edvin Karli Benediktssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 23. nóvember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 23.11., var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Sogavegi 127, 108 Reykjavík, og haldinn af fulltrúa yfirborgarfógeta, Gylfa Gaut Péturssyni, með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá Edvin Karli Benediktssyni, 181258-5869, s.st., fyrir:

söluskatti 1983-4	kr. 700.617,00
Samtals	kr. 700.617,00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram lögtaksbeiðni, rskj. nr. 1, en lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur á lögsmætan hátt. Nr. 1 fylgir í ljósriti.

Fyrir gerðarpóla mætir að tilhlutan fógeta Jón H. Snorrason lögfr., og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarpóla til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá bent á og skrifað upp: Bifreiðin R-18523, Subaru 1986, eign gerðarpóla.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangr. bifreið til tryggingar framangreindum gjöldum, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarpóla lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.